

Fundargerð 52. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2019, miðvikudaginn 15. maí kl. 12:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson og Liv Aase Skarstad. Rebekka Hilmarsdóttir meldaði afboð og tók sæti hennar úr varastjórn Þorgeir Pálsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Starfsáætlun stjórnar 2019-2020 - 1811003SU

Farið yfir fyrirleggjandi tillögur.

Framlagðar tillögur samþykktar og formanni og starfsmanni falið að hefja undirbúning aðgerða.

2. Bókun bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna loðnubrests - 1905001SU

Samtökunum barst með tölvupósti þann 2. apríl sl. bókun þar sem bæjarráð sveitarfélagsins hvetur þau til að setja á dagskrá málefni um loðnubrest.

Formaður lagði fram til umræðu eftirfarandi drög að bókun:

Stjórn Samtaka sjávarútvegsveitarfélaga telur mikilvægt að unnin verði samantekt á heildaráhrifum loðnubrests 2019 og að niðurstöður hennar verði kynntar á fundi stjórnar þar sem bæjarstjórum þeirra sveitarfélaga sem um ræðir verði boðið einnig. Í framhaldinu muni stjórnin síðan álykta um með hvaða hætti ríkisvaldið gæti/ætti að bregðast við komi slíkar aðstæður upp hvort heldur er varðandi loðnu eða aðra veiðistofna. Formanni og starfsmanni falið að fylgja málinu eftir.

Bókunin var samþykkt samhljóða.

3. Tillaga til aðalfundur um línuvöðun - 1811001SU

Fyrir fundinum lá tilboð frá RR ráðgjöf vegna mats á áhrifum línuvöðunar 2003-2018 á liðlega 780 þ.kr.

Tilboðið var samþykkt samhljóða og starfsmanni falið að ganga frá verkkaupum við ráðgjafafyrirtækið.

4. Starfshópur vegna aflaheimilda á forræði ríkisins - 1905002SU

Sjávarútvegsráðherra skipaði nýlega starfshóp sem ætlað er að endurskoða meðferð og ráðstöfun aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir.

Formaður lagði til að stjórn óski eftir fundi með Þóroddi Bjarnasyni, formanni

starfshópsins, vegna málsins til að ræða sjónarmið sjávarútvegssveitarfélaga í tengslum við verkefni starfshópsins og var það samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál - 1811004SU

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi var slitið kl. 12:50

Gauti Jóhannesson

Baldur Smári Einarsson

Porgeir Pálsson

Fannar Jónasson

Liv Aase Skarstad